

Pórunn Pálsdóttir

GRÁMANN Í GARÐSHORNI



NÁMSGAGNASTOFNUN
2009

Persónur:

SÖGUMAÐUR 1

SÖGUMAÐUR 2

KARL

KERLING

GRÁMANN

KÓNGUR

DROTTNING

PRESTUR

SAUÐAMAÐUR

VARÐMAÐUR

KÓNGSDÓTTIR

MAÐURINN

SÖGUMAÐUR 1:

Einu sinni voru kóngur og drottning í ríki sínu og karl og kerling í koti sínu. Kóngur var auðugur mjög en ekki átti hann nema eina dóttur barna og bjó hún í veglegri skemmu með meyjum sínum.

SÖGUMAÐUR 2:

Karlinn var fátækur. Hann átti ekkert barn en hafði viðurværi sitt og kerlu sinnar af einni kú sem þau áttu.

1. þáttur

(Sviðið er fátægleg stofa karls og kerlingar. KERLING situr og þrjónar. Hún raular vísu).

(KARL kemur inn).

KARL:

Sæl og blessuð heillin.

KERLING:

Sæll, hverju lagði presturinn út af í messunni í dag? Hvað sagði hann?

KARL:

Ja, í dag var gott að heyra til prestsins. Hann sagði að sá sem gæfi mundi fá það þúsundfalt til baka.

KERLING:

Þetta finnst mér fulldjúpt tekið í árinna. Presturinn getur varla hafa sagt þetta?

KARL:

Og víst sagði hann það blessaður.

KERLING:

Þú hefur bara ekki tekið rétt eftir. Það kæmi mér ekki á óvart.

KARL:

Hann sagði þetta upp á æru og trú að sá sem gæfi mundi fá það þúsundfalt til baka.

KERLING:

Ja, fussum svei. Ég trúi því ekki baun. Ætli hann hafi ekki sagt: „Sælla er að gefa en að þiggja“. Það stendur í Biblíunni. Það veit ég.

KARL:

Þetta sagði hann. Ég fer ekki ofan af því.

TJALDIÐ

SÖGUMAÐUR:

Daginn eftir tekur karlinn sig til, fær sér fjölda manna og byggir sér fjós fyrir þúsund kýr.

2. þáttur

(Stofa karls og kerlingar. KERLING hrærir í potti með sleif, rær í gráðið og raular vísu. KARL kemur inn).

KARL:

Nú skal ég segja þér fréttir, kerling. Ég er búin að ráða 100 manns til að byggja nýtt fjós.

KERLING

(þýtur upp úr stólnum og leggur pottinn og sleifina frá sér, hrópar): Guð sé oss næstur, hvað ertu að segja?

Karl:

Nú ætla ég að byggja fjós fyrir þúsund kýr.

KERLING:

Ertu orðinn snælduvitlaus?

KARL:

Ja, það veitir ekkert af þegar við verðum búin að fá 1000 kýr fyrir hana Skjöldu okkar, þá verðum við að geta hýst þær. Nú verð ég ríkur mektarbóndi, ha ha ha. *(Belgir sig út, hlær og nuddar saman höndum).*

KERLING:

Já, en við erum bláfátæk. Með hverju eigum við að borga vinnumönnunum?

KARL:

Þeir fá sín laun þegar búreksturinn er kominn á fullt skrið.

KERLING:

Ja fussum svei. Nú ertu endanlega búinn að koma okkur á vonarvöl. Hver á svo að láta þig fá 1000 kýr fyrir hana Skjöldu okkar?

KARL:

Ég ætlaði nú að fara til kóngsins en treysti mér varla til þess, þannig að ég fer auðvitað til prestsins því það var hann sem sagði að ef ég gæfi eitthvað þá fengi ég það þúsundfalt til baka.

KERLING

(hrópar): Til prestsins. Mér er meinilla við þetta tiltæki. Þú ert ekki með öllum mjalla. Ekki minnst ég þess að presturinn eigi 1000 kýr. Þú verður að athlægi í sveitinni.

KARL:

Svona, svona, heillin. Ég er þá farinn. (*Fer*).

KERLING:

Sveiattan. (*slær sér á lær*). Karlálftin er gengin af vitinu, svei mér þá. (*Tekur pottinn og sleifina, sest og hrærir ákaft í pottinum*).

TJALDIÐ

SÖGUMAÐUR 2:

Fer nú karlinn til prestsins og teymir kúna sína.

3. þáttur

(*PRESTURINN og KARLINN standa fyrir framan prestshúsið*).

KARLINN

(*heilsar presti með handarbandi*): Sæll og blessaður. Skjalda mín er hér úti á túni. Ég er að hugsa um að gefa þér hana.

PRESTUR

(*brosir*): Nú, ég hélt að þú ættir bara eina kú? Er einhver ástæða fyrir gjafmildi þinni?

KARL:

Jú, mikil ósköp. Í kirkjunni um daginn (*lagðir þú út frá*) talaðir þú um gjafmildina og fyrirheiti hennar og sagðir að gefi maður eitthvað þá fái maður það þúsundfalt til baka. Nú ætla ég að vona að blessaður presturinn sé maður orða sinna og sýni gjafmildi sína.

PRESTUR

(*þurrlega*): Ja, mikil ósköp er að heyra þetta. Þú hefur ekki tekið rétt eftir karl minn. Ég hef aldrei sagt þetta. Farðu nú aftur með hana Skjöldu þína. Hún getur misst alla nytina á þessu ferðalagi.

KARL

(*sneyptur*): Já, en presturinn ...

PRESTUR

(*grípur fram í*): Svona, snautaðu í burtu. Ég á engar 1000 kýr. Blessaður og sæll. Taktu nú betur eftir næst þegar þú kemur í messu til mín.

KARL

(*kallar inn á svið*): Kusa kus. Komdu Skjalda mín. Þetta ætlar að verða þrautarganga hjá okkur. (*Fer*).

PRESTUR

(*hlær*): Ja hérna, ekki er öll vitleysan eins.

TJALDIÐ

SÖGUMAÐUR 1:

Karlinn heldur nú áfram göngu sinni, teymir kúna á eftir sér og þykir ferðin orðin ill.

SÖGUMAÐUR 2:

Á leiðinni gerir á hann norðanbyl með frosti svo hann villist og sér nú ekki annað en hann muni sjálfsagt missa kúna og líklegast verða úti sjálfur og þannig deyja drottni sínum.

4. þáttur

(Á hliðarpalli. Karlinn kemur fram og heldur í tauminn sem hugsanlega er bundinn um kúna. Taumurinn er nokkuð langur og þá er hægt að láta sem einhver togi í tauminn baksviðs, karlinn kippist til baka, er næstum dottinn og togar aftur í tauminn. Baul heyrir).

KARL:

Æ, Skjalda mín, láttu ekki svona, vertu nú góð. *(Baul).*

(MAÐUR kemur gangandi fram á svið og í átt að karli. Hann er með stóran sekk á bakinu).

MAÐURINN:

Sæll vertu. Hvernig stendur á því að þú stendur hér í slíku veðri með eina kú í eftirdragi?

KARL:

(Togar í tauminn en það er alltaf togað á móti. Kýrin baular).

Blessaður og sæll. Ég ætla að gefa einhverjum kúna sem getur launað mér það þúsundfalt.

MAÐURINN:

Ég er viss um að þú missir kúna og lifir þetta sjálfur ekki af. Er þér miklu betra, karl minn, að láta mig fá kúna fyrir sekkinn sem ég ber.

KARL:

Hvað er í sekknum?

MAÐURINN:

Kjöt og bein. Þú getur vel komist áfram leiðar þessar með hann.

KARL

(réttir honum tauminn): Látum það svo vera. Hérna taktu við beljunni. Ég þigg kjötið. Ég er orðinn glórhungraður eftir þetta brölt.

MAÐURINN

(tekur við taumnum): Takk fyrir. Þú munt ekki sjá eftir þessu. Gangi þér vel. *(Kusa togar fast í tauminn og maðurinn þýtur út baksviðs. Baul).*

(Karlinn rogast með sekkinn út).

TJALDIÐ

5. þáttur

(Heima í koti karls og kerlingar. KERLING situr, þrjónar og raular. KARL kemur inn með pokann á bakinu).

KARL

(leggur pokann frá sér): Sæl og blessuð heillin. Hér er ég kominn með fullan poka af kjöti og beinum. Göfuglyndur og gjafmildur maður lét mig fá allt þetta kjöt í staðinn fyrir hana Skjöldu okkar.

KERLING:

Þetta voru ekki góð skipti. Elsku Skjalda mín, ég sakna þín svo. (Snöktir).

KARL:

Hættu þessu væli kerling. Settu pott á hlóðir. Ég er glorsoltinn. Nú sjóðum við þetta fína kjöt.

(KARL leysir frá sekknum. GRÁMANN stekkur upp úr pokanum).

GRÁMANN:

Þið verðið að sjóða eitthvað annað en mig!

KARL

(hissa): Hvað er þetta?

KERLING

(bálvond): Þvílík heimska. Þú ert búinn að gefa frá okkur þann eina bjargargrip sem við áttum. Við erum gjörsamlega bjargarlaus og svo hefurðu þar á ofan bætt á okkur heilum manni til að fæða.

KARL:

Maðurinn sagði að í pokanum væri bein og kjöt. Ekki grunaði mig að það væri lifandi manneskja (í sekknum).

KERLING:

Þú ert allt of auðtrúa, karl. Lætur alla plata þig. Það er út um okkur. (Skælir).

GRÁMANN:

Svona, svona hættið að rífast þetta. Ég skal fara á stúfana og vita hvort ég geti ekki útvegað ykkur eitthvað að éta. Ekki getið þið lifað á nöldrinu.

TJALDIÐ

SÖGUMAÐUR 1:

Stekkur nú Grámann út í myrkrið og kemur bráðum aftur með gamlan og feitan sauð og það þau skera hann og matreiða.

6. þáttur

(KARL OG KERLING sitja við tóvinnu. GRÁMANN kemur inn með stóran poka. Þau standa upp og taka á móti honum).

GRÁMANN:

Hér er ég kominn með heilan sauð handa ykkur.

KERLING:

Ég vona að þú hafir ekki stolið sauðnum.

GRÁMANN:

Hafið ekki áhyggjur af því. Njótið þess að hafa nóg að borða.

KARL OG KERLING:

Kærar þakkir.

(KERLING tekur við pokanum af GRÁMANNI. Hún fer út með hann og KARL fær sér sæti og tekur í nefið og hnerrar).

SÖGUMAÐUR 2:

Lifðu þau nú glatt í koti sínu á meðan sauðurinn entist og undireins og hann var búinn sótti Grámann annan og svo hinn þriðja, fjórða og fimmta.

SÖGUMAÐUR 1:

Pótti nú karli og kerlingu mjög vænt um Grámann fyrir aðdrætti hans og lifðu í allsnægtum á tómu sauðakjöti.

(GRÁMANN kemur inn í stofu karls og kerlingar, skellir pokanum á gólfið, KARL og KERLING fagna, KERLING tekur pokann, fer út, kemur inn aftur, tekur þrjónana og sest. Þetta endurtekur sig fjórum sinnum og gerist hratt).

TJALDIÐ

Tónlist

SÖGUMAÐUR 2:

Nú vÍkur sögunni heim í kóngsgarð. Sauðamaður konungs fór að taka eftir því að honum voru smátt og smátt að hverfa sauðir úr hjörðinni. Hann fer nú til konungs.

7. þáttur

(Salarkynni konungs. KÓNGUR og DROTTNING sitja í háseti sínu. VARÐMAÐUR kemur inn).

VARÐMAÐUR:

(hneigir sig fyrir kóngi): Sauðamaður biður um áheyrn.

KÓNGUR:

Láttu hann koma.

VARÐMAÐUR

(hneigir sig): Skal gert, yðar hátign. *(Fer út og kemur aftur með SAUÐAMANNI).*

KÓNGUR:

Hvað er þér á höndum?

SAUÐAMAÐUR:

Það hafa fimm sauðir smám saman horfið úr hjörð yðar hátignar.

KÓNGUR

(stendur upp): Hvað er að heyra. Hver hefur tekið þá?

SAUÐAMAÐUR:

Það hef ég ekki hugmynd um. Það hljóta að vera þjófur hér í nágrenninu.

KÓNGUR:

Við þurfum að komast að því hver þessi bíræfni þjófur er. Fyrst og fremst þarf að komast að því hver er nýfluttur í sveitina. Þá komumst við á sporið.

TJALDIÐ

Tónlist

SÖGUMAÐUR 1:

Fór þá kóngur að rannsaka hvort nokkur maður væri nýfluttur í sveitina og komst að því á endanum að maður væri nýkominn til karls og kerlingar í garðshorni sem enginn vissi nein deili á.

SÖGUMAÐUR 2:

Gerði hann þá boð eftir manninum að finna sig uppi í kóngsgarðinum. Grámann brá við og fór en karl og kerling urðu dauðhrædd um að nú mundu þau missa þennan bjargvætt sinn, því hann mundi nú verða hengdur fyrir þjófnað.

8. þáttur

(Í Kóngsgarði. KÓNGUR OG DROTTNING sitja í sætum sínum. VARÐMAÐUR kemur inn).

VARÐMAÐUR:

Grámann í garðshorni biður um áheyrn, yðar hátign.

KÓNGUR:

Hleyptu honum inn.

(GRÁMANN kemur inn og hneygir sig fyrir kóngi).

KÓNGUR:

Hefur þú stolið fimm sauðum frá mér. Þeir hafa horfið smám saman úr hjörð minni.

GRÁMANN:

Já, það hef ég gert. *(Horfir hróðugur fram í sal).* Ég stal þessum sauðum.

KÓNGUR:

Hvers vegna stalstu sauðunum?

GRÁMANN:

Ég gerði það af því að karl og kerling í garðshorni eru vita bjargarlaus og hafa ekkert til að éta og eiga ekki neitt til af neinu en þú, konungur, hefur allsnægtir. Þú átt miklu meira en þú þarft á að halda. Þú átt miklu meira en nóg af sauðum.

KÓNGUR:

Nú er ég aldeilis hlessa. Er það þín eina og besta list að stela?

GRAMANN:

Ég segi það nú ekki.

KÓNGUR:

Ég skal gefa þér upp sökina ef þú stelur í nótt lökunum úr rúminu undan okkur, mér og drottningunni minni.

GRÁMANN:

Það getur enginn. Hvernig á ég að fara að því að komast inn í kóngsgarðinn?

KÓNGUR:

Það máttu segja þér sjálfur en líf þitt liggur við.

TJALDIÐ

SÖGUMAÐUR:

Fer nú Grámann heim í garðshorn. Þykjast þau karl og kerling hafa heimt hann úr helju og fagna honum vel.

9. þáttur

(Fyrir utan kotið)

KARL:

Sæll og blessaður.

KERLING:

Sæll og blessaður. Mikið er gott að sjá þig.

GRÁMANN

(réttir kerlingu mjölpoka): Nú skaltu sjóða graut og hafðu hann í þykkara lagi. Hafðu svo lok á fötunni svo hann haldist heitur. Ég þarf að fara með grautinn í kóngsgarð.

KERLING:

Það skal ég gera. *(Hún tekur við skjólunni og þau fara öll inn)*.

SÖGUMAÐUR 1:

Kerling lætur hann hafa grautinn og gengur hann svo með fötuna heim í kóngsgarðinn.

SÖGUMAÐUR 2:

Hann laumast óséður inn í konungsgarð um kvöldið og felur sig síðan í einhverju skúmaskoti.

Tónlist

10. Þáttur

(Svefnherbergi kóns og drottningar. KÓNGUR OG DROTTNING sofa í rúmi sínu og hrjóta hátt).

(GRÁMANN læðist að rúminu með skjóluna á lofti og lætur grautinn drjúpa með hægð (úr fötunni) niður í rúmið milli kóns og drottningar og hverfur svo frá rúminu út í horn á herberginu).

DROTTNING:

(vaknar, verður bilt við): Hvað er þetta? Þú hefur gert í rúmið, elskan mín.

KÓNGUR:

Ég!! Heldur þú að ég hafi bleytt rúmið? Ó nei, það hefur þú gert.

DROTTNING:

Það gerði ég ekki. Það varst þú, elskan.

KÓNGUR:

Við skulum ekki vera að kýta um þetta meira. Ég verð að fara að sofa. Það er ríkisráðsfundur á morgun.

DROTTNING:

Tökum lökin úr rúminu. Við sofum bara í rúminu án þeirra.

(Kóngur og drottning taka lökin úr rúminu og fleygja þeim niður á gólf. Þau leggjast í rúmið og sofna. GRÁMANN kemur fram úr fylgsni sínu, tekur lökin og fer út).

TJALDIÐ

SÖGUMAÐUR 1:

Morguninn eftir þegar kóngur og drottning vakna sjá þau að lökin eru horfin.

SÖGUMAÐUR 2:

Áttar kóngur sig þá á því að Grámann muni hafa stolið þeim. Gerir hann nú boð eftir Grámanni.

11. Þáttur

(Í konungsgarði. KÓNGUR OG DROTTNING sitja í háseti sínu).

VARÐMAÐUR

(hneigir sig fyrir kóngi og tilkynnir):

Grámann í garðshorni boðar komu sína, yðar hátign.

KÓNGUR:

Láttu hann koma.

(GRÁMANN kemur inn, hneigir sig fyrir kóngi).

KÓNGUR:

Stalstu rekkjuvoðunum úr rúmi mínu í nótt undan okkur drottningu minni?

GRÁMANN:

Já, herra. Það gerði ég. Ég varð að bjarga lífi mínu.

KÓNGUR:

Ég skal gefa þér upp allar þínar sakir við mig ef þú stelur nú í nótt okkur báðum, mér og drottningu minni, úr rúminu okkar. En ef þér mistekst það skaltu vægðarlaust verða hengdur.

GRÁMANN:

Þetta getur enginn maður.

KÓNGUR:

Sjá þú fyrir því.

TJALDIÐ

12. þáttur

(Í svefnherbergi kóns og drottningar).

(KÓNGUR OG DROTTNING geispa ákaft, teygja sig og leggjast svo upp í rúmið og breiða yfir sig, byrja að hrjóta).

(Myrkur á sviði. Dularfull TÓNLIST heyrir).

(GRÁMANN kemur inn. Hann hefur lak yfir sér og hvít blikkandi ljósasería er vafin utan um hálsinn. Hann leggur stóran poka á mitt gólfíð, fer aftur út í horn, sveiflar höndum og heldur þeim út til hliðanna).

(KÓNGUR OG DROTTNING vakna upp með andfælum. Þau líta í kring um sig).

KÓNGUR

(kemur auga á engilinn):

Hvað er þetta? *(Þýtur upp úr rúminu).*

DROTTNING:

Guð sé oss næstur, þetta er engill. Þetta er Gabríel erkiengill. *(Hún krýpur á kné og spennir greipar).*

KÓNGUR

(krýpur við hlið drottningar):

Miskunna þú okkur, kæri erkiengill. Viltu fyrirgefa mér fyrir allar mínar syndir. Ég lofa að verða réttlátur og góður kóngur.

DROTTNING:

Miskunn, miskunn.

RÖDD:

Ég skal fyrirgefa ykkur allar ykkar syndir en þó með einu skilyrði.

KÓNGUR OG DROTTNING:

Við skulum gera hvað sem er.

RÖDD:

Þið eigið að fara ofan í pokann sem er á gólfinu.

KÓNGUR OG DROTTNING:

Það er alveg sjálfsagt. *(Þau fara ofan í pokann og um leið hleypur Grámann að pokanum og bindur fyrir).*

KÓNGUR:

Af hverju bindur þú fyrir?

GRÁMANN

(tekur lakið og seríuna af sér): Ég er enginn engill, kóngur minn, heldur er ég kunningi þinn, Grámann í garðshorni.

KÓNGUR:

Óþokkinn þinn, hvernig vogar þú þér ...

GRÁMANN:

... Nú er ég búinn að stela þér og drottningu þinni og ég skal fyrirgefa ykkur syndir ykkar með því að drepa ykkur bæði nema þú veitir mér undireins eina bón sem ég ætla að biðja þig um og vinnir mér eið að því áður en ég hleypi ykkur upp úr pokanum.

DROTTNING:

Gerðu það sem hann biður þig um. Ég er að kafna.

KÓNGUR:

Já, já. Ég lofa því, upp á æru og trú. Ég skal gefa þér allt sem þú vilt. Hleyptu okkur þá út.

(GRÁMANN opnar pokann og DROTTNING OG KÓNGUR stökkva út).

GRÁMANN:

Bón mín er sú að þú gefir mér dóttur þína og hálfkóngsríkið og leyfir mér að hafa karlinn og kerlinguna í garðshorni hjá mér.

KÓNGUR:

Ég verð að efna loforð mitt. Ég skal gefa þér dóttur mína og hálfkóngsríkið.

(GRÁMANN OG KÓNGUR takast í hendur).

TJALDIÐ

TÓNLIST

SÖGUMAÐUR 1:

Grámann fer nú niður í garðshorn og hittir karl og kerlingu og segir þeim frá öllu því sem á daga hans hefur drifið. Þá sagði hann þeim að dubba sig upp og búa sig til brottferðar.

SÖGUMAÐUR 2:

Grámann fór með karl og kerlingu upp í kóngsgarðinn og þar var honum vel tekið.

13. þáttur

(Í kóngsgarði. KÓNGUR OG DROTTNING sitja í háseti sínu. KÓNGSDÓTTIR situr við hlið föður síns. VARÐMAÐUR stendur vörð).

VARÐMAÐUR:

Tilkynnir komu Grámanns í garðshorni og fylgdarliðs hans.

(GRÁMANN, KARL, KERLING og PRESTUR koma inn).

KÓNGUR:

Velkomin í kóngsgarð, Grámann. Þetta er kóngsdóttirin sem ég hef lofað að gefa þér. En nú er að vita hvort hún kæri sig um þig.

(Kóngsdóttir kemur til Grámanns).

GRÁMANN:

Viltu giftast mér? *(Krýpur á kné fyrir framan kóngsdóttur).*

KÓNGSDÓTTIR:

Ég veit það nú ekki. Þú ert bara einhver sveitalubbi.

GRÁMANN:

Kóngur, drottning og fagra kóngsdóttir. Ég heiti ekki Grámann heldur Hinrik og ég er sonur nágrannakóningsins. Ég heyrði að karlinn í kotinu hefði sagt eitthvað á þá leið að sá sem gæfi eitthvað fái það þúsundfalt til baka. Ég ákvað með sjálfum mér að láta þau orð rætast. Nú vona ég að karlinn sé búinn að fá kúna sína þúsundfalt borgaða.

KÓNGSDÓTTIR:

Ég vil ganga að eiga þig. *(Tekur í hönd hans).*

PRESTUR:

Þá lýsi ég því yfir að þið eruð hjón.

Allir

(klappa ákaft): Bravó, bravó. Til hamingju.

(Allir frjósá um leið og sögumaður byrjar að tala).

SÖGUMAÐUR 1:

Lifði Grámann síðan lengi og vel með drottningu sinni og tók við ríkinu öllu eftir kóngsins dag og stýrði því með snilld og prýði til elli.

SÖGUMAÐUR 2:

En karl og kerling voru hjá honum til dauðadags í góðu yfirlæti.

ALLIR

(losna úr álögum, leiðast í röð og koma fram á svið):

Köttur út í mýri,
setti upp á sig stýri,
úti er ævintýri.

TJALDIÐ